

Eyþing. Áhersluverkefni 2018

Verkefni 2018 - 2	Okkar áfangastaður – markaðsgreining fyrir Norðurland
Markmið	<p>Að styrkja samkeppnisstöðu Norðurlands með markvissri og faglegru uppbyggingu og markaðssetningu ferðaþjónustu landshlutans.</p> <p>Undirmarkmið: Að afla grunngagna um ferðaþjónustu á Norðurlandi.</p>
Stutt verkefnislýsing	<p>Til að vinna að þeirri stefnu og þeim markmiðum sem fram eru sett í Sóknaráætlun Norðurlands eystra á sviði ferðaþjónustu er talið mikilvægt að ráðast í umfangsmikla grunnvinnu í formi rannsókna og greiningar. Nauðsynlegt er að bæta úr sárri vöntun á landshlutabundnum rannsóknum og mikilvægum grunngögnum. Lögð er áhersla á skilgreiningu gagna með þeim hætti að auðvelt verði fyrir rannsóknaraðila í ferðaþjónustu að endurtaka upplýsingaöflun og fylgjast með þróun til framtíðar.</p> <p>Meðal áhersluatriða eru:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Rannsókn á ferðaþjónustuaðilum á Norðurlands þar sem meðal annars verður leitast við að svara: <ul style="list-style-type: none"> ○ Hverjir eru markhópar viðkomandi aðila ○ Sérstaða fyrirtækis ○ Hegðun ferðamanns ○ O.fl. • Rannsókn á helstu seglum svæðisins <ul style="list-style-type: none"> ○ Hvar fékkstu upplýsingar um viðkomandi stað? ○ Upplifun á þjónustu? ○ Hvaðan komstu og hvert ferðu ○ O.fl.
Framkvæmdaaðili	Markaðsstofa Norðurlands (MN)
Samstarfsaðilar	<p>Rannsóknamiðstöð ferðamála (RMF) og Háskólinn á Hólum, en áformað er að MN geri samninga við þessa aðila um framkvæmd verkefnisins.</p> <p>Verkefnið tekur bæði yfir svæði Eyþings og SSNV.</p>
Tengsl við sóknaráætlun 2015-2019	<p>Verkefnið er grunnur til að byggja undir öll þau meginmarkmið og undirmarkmið sem fram eru sett um ferðaþjónustu í Sóknaráætlun Norðurlands eystra (bls. 18). Verkefnið mun skila mikilvægum gögnum fyrir markaðssetningu Norðurlands.</p>
Árangursmælikvarðar	<ul style="list-style-type: none"> • Til verði rannsóknargögn um ferðaþjónustu á Norðurlandi. • Greiningargögn verði kynnt fyrir ferðaþjónustuaðilum. • Gögn til að fylgjast með þróun ferðaþjónustu. • Gögn til meta stöðu landshlutans gagnvart öðrum landshlutum og landinu í heild. • Gögn til að styðja við markaðsaðgerðir fyrir Norðurland. • Til verði árangursmælikvarðar fyrir ákveðin svæði. • Gögn til að vinna greiningu á samkeppnishæfni áfangastaða.

Lokaafurð	Skýrsla um niðurstöður rannsókna og greininga. Greinargóð gögn um upplifun ferðaþjónustufyrirtækja og upplifun ferðamannsins á helstu seglum svæðisins.
Tímarammi	Tímarammi verkefnisins er áætlaður til ársloka 2019
Áætlaður kostnaður	20.000.000 kr. (heildarkostnaður fyrir Norðurland). Sundurliðaðun heildarkostnaðar: Undirbúningur (hönnun spurningalista, þýðing, uppsetning, skilgreining staða ofl) = 1,500.000 kr Gagnaöflun (spylar, ferðakostnaður, ofl) = 6,000.000 kr Úrvinnsla og gagnagreining = 7,000,000 kr Umsjón og skýrsluskrif = 5.000.000 kr Annað ófyrirséð = 500.000 kr.
Framlag úr sóknaráætlun 2018	12.500.000 kr. úr Sóknaráætlun Norðurlands eystra. Áætlað er að framlag til verkefnisins komi einnig úr Sóknaráætlun Norðurlands vestra skv. samhljóða verkefnislýsingu frá SSNV.